

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Ár 2014, fimmtudaginn 28. ágúst, kl. 11:00 er dómping áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Herði Felix Harðarsyni og Kolbeini Árnasyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 4/2014:

Knattspyrnudeild U.M.F.G.

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi:

Dómur.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Hörður Felix Harðarson og Kolbeinn Árnason.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp 19. ágúst 2014. Kærar var móttokin 26. sama mánaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði var Lárus Guðmundsson leikmaður í lið í 2. flokki karla hjá Knattspyrnudeild U.M.F.G úrskurðaður í þriggja leikja bann.

Áfrýjandi krefst þess að leikbann Lárusar Guðmundssonar verði stytt úr þremur leikjum í einn.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefndin úrskurðað um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómarar. Nefndin gerir það í máli þessu.

Samkvæmt grein 6.2. í nefndri reglugerð getur leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs, sem fær brottvísun, gert skriflega athugasemd við aga- og úrskurðarnefnd til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sendi dómstólnum athugasemdir vegna áfrýjunar Knattspyrnudeilda U.M.F.G, þar sem ákvörðun nefndarinnar er rökstudd nánar.

Málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ er skrifleg og ný gögn verða ekki lögð fyrir dóminn, né heldur fara fram vitna- og/eða aðilaskýrslur. Áfrýjunardómstólnum er veitt heimilt að víkja frá þessum reglum. Dómurinn telur að ekki séu efni til að víkja frá nefndri meginreglu í máli þessu.

Fram kemur í skýrslu dómarar leiksins að Lárus Guðmundsson hafi sætt brottvísun vegna tveggja áminninga og verið vísað af velli. Leikmaðurinn hafi þá veist að dómaranum í tvígang


með ógnandi hætti og hótunum um líkamsmeiðingar. Þegar leikmaðurinn hafi yfirgefið leikvanginn hafi hann sparkað í girðingu.

Í máli þessu er ágreiningslaust að dómarí vísaði Lárusi Guðmundssyni af velli eftir að hafa í tvígang veitt leikmanninum áminningu. Við brottvísun veitist leikmaðurinn að dómara leiksins og hafði uppi hótanir í garð hans samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu dómara til aganefndar, sem úrskurðaði leikmanninn í þriggja leikja bann.

Áfrýjunardómstóll KSÍ hefur í nokkrum málum á umliðnum árum dæmt um leikbönn, þar sem svo hagar til að leikmenn og þjálfarar hafa bæði beint og óbeint ráðist að dómurum. Dómstóllinn hefur í engu þeirra mála vikið frá ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Ekkert sem fram kemur í kæru Knattspyrnudeildar U.M.F.G. gefur tilefni til að víkja frá fordænum dómsins og milda refsingu Lárusar Guðmundssonar.

Dómsorð.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur. Lárus Guðmundsson sæti þriggja leikja banni.



Sigurður G. Guðjónsson.



Hörður Felix Harðarson



Kolbeinn Árnason